

## Aðalfundur Samtaka sjávarútvegs sveitarfélaga

Haldinn 12. október 2022 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík

Mættir voru 17 fulltrúar aðildarsveitarfélaga en auk þess sátu tveir starfsmenn sambandsins fundinn sem og formaður og varaformaður samtakanna.

Fundur var settur kl. 13:00 og starfsmenn fundarins kjörnir.

Rebekka Hilmarsdóttir, formaður samtakanna, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Lagði hún til að Jón Björn Hákonarson yrði fundarstjóri og Jóhannes Á. Jóhannesson fundarritari.

Samþykkt samhljóða.

### 1. Skýrsla stjórnar

Rebekka Hilmarsdóttir fór yfir skýrslu stjórnar sem lögð var fyrir fundinn. Skýrslan var send út með aðalfundarboði og fylgir fundargerð þessari.

### 2. Ársreikningar og starfs- og fjárhagsáætlun

Rebekka fór yfir ársreikninga samtakanna fyrir árin 2020 og 2021. Ársreikningarnir voru síðan samþykktir samhljóða.

### 3. Ákvörðun um árgjöld og þóknun stjórnar

Í fjárhagsáætlun 2022-2024 leggur stjórnin til að aðildargjöld verði óbreytt frá því sem nú er. Lagt var til að þóknun stjórnar verði óbreytt eða 20.000 kr. á stjórnarmann og 40.000 kr. á formann fyrir hvern fund.

Fjárhagsáætlun ásamt ákvörðunum um árgjald og þóknun stjórnar voru borin upp til samþykktar og voru samþykkt samhljóða.

### 4. Lagabreytingar

Fyrir lá ein tillaga um lagabreytingu frá stjórn samtakanna. Jón Björn Hákonarson kynnti breytinguna sem send var út með fundarboði aðalfundar. Breytingin snýr að 2. gr. samþykpta samtakanna þar sem lagt er til að bætt verði við nýrri málsgrein er varðar úrsögn sveitarfélags úr samtökunum. Lagt var til að ný málsgrein yrði 3. mgr. 2. gr. og var það samþykkt.

Lagabreytingin borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### 5. Kosning formanns, annarra stjórnarmann og varamanna

Fyrir hönd stjórnar kynnti Jón Björn Hákonarson tillögu að nýrri stjórn, varastjórn og formanni.

Lagt var til að formaður stjórnar yrði Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð og að aðrir stjórnarmenn yrðu: Fannar Jónasson, Grindavíkurbær, Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Vesturbyggð og Íris Róbertsdóttir, Vestmannaeyjabær. Í varastjórn yrðu: Björn Ingimarsson, Múlaþingi, Heimir Örn Árnason, Akureyrarbær og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Dalvíkurbyggð.

Tillagan borin upp til samþykktar og hún samþykkt samhljóða.

## **6. Kosning tveggja skoðunarmanna**

Lagt var til að skoðunarmenn reikninga yrðu Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jón Þórisson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs Grindavíkurbæjar. Til vara er gerð tillaga um Katrínu Pálsdóttur, fjármálastjóra í Bolungarvíkurkaupstað og Guðlaug Sæbjörnsson, fjármálastjóra í Múlaþingi.

Tillögur um skoðunarmenn samþykktar samhljóða.

## **7. Önnur mál**

Fundarstjóri gaf orðið laust. Fróðlegar umræður og hugmyndir voru um það hvað samtökin ættu að beita sér fyrir og leggja áherslu á. Þar kom m.a. fram að reyna ætti að fá fleiri sveitarfélög í samtökin, auka tölfræði og rannsóknir. Mikilvægt að geta greint hvað sjávarútvegurinn er að skila sveitarfélögunum og hver þróunin er. Ný verkefni eins og sjókvíaelði þarf að skoða. Kynna betur samtökin og fá þannig aukinn skilning hjá stjórnvöldum.

## **Fundarslit**

Rebekka Hilmarsdóttir, fráfarandi formaður þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og sleit fundi.

Fundi var slitið kl. 14:00

Jóhannes Á. Jóhannesson, fundarritari